



Borgarráð  
Ráðhús Reykjavíkur

Reykjavík, 8. júní 2026  
MSS26030033

## **Framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður við Evrópusambandið í Reykjavík þann 29. ágúst nk.**

Þann 29. ágúst nk. fer fram þjóðaratkvæðagreiðsla um aðildarviðræður við Evrópusambandið. Í Reykjavík framkvæmdin í höndum yfirkjörstjórnar Reykjavíkur, yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis norður og yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis suður. Þessar þrjár kjörstjórnir starfa með skrifstofu borgarstjórnar við undirbúning og framkvæmd kosninga ásamt fjölmörgum starfsmönnum sveitarfélagsins og með aðkomu flestra sviða Reykjavíkurborgar.

Í ljósi þess að tæpur tími er til undirbúnings atkvæðagreiðslunnar er óskað eftir því að borgarráð feli viðkomandi sviðum Reykjavíkurborgar í samstarfi við skrifstofu borgarstjórnar að hefja vinnu við verkefni sem tengjast kosningunum:

- Áætlaður kostnaður við framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar er að mestu sambærilegur kostnaði við framkvæmd kosninga á árinu 2024. Gera má ráð fyrir að heildarkostnaður verði rúmlega kr. 210.000.000 - og er skrifstofu borgarstjórnar falið að gera Landskjörstjórn grein fyrir þeim kostnaði og óska leiðbeininga um fjárveitingar og hvernig samskiptum verður háttað varðandi uppgjör kostnaðar sveitarfélagsins.

- Umhverfis- og skipulagssvið fer með lykilhlutverk við framkvæmd kosninga í Reykjavík en skrifstofa framkvæmda og viðhalds setur upp alla 24 kjörstaðina, þ.m.t. utanhússmerkingar og skilti. Sviðið setur upp og tekur niður talningarstað og flytur atkvæði með fulltrúum yfirkjörstjórnar í geymslur að talningu lokinni. Óskað er eftir að borgarráð samþykki að fela umhverfis- og skipulagssviði í samvinnu við skrifstofu borgarstjórnar að hefja nauðsynlegan undirbúning að kjördegi, þar með talið að fara í vinnu með aðgengisfulltrúa Reykjavíkurborgar að því að tryggja að aðgengismál á öllum kjörstöðum uppfylli lagaskyldur.

- Gert er ráð fyrir að 18 kjörstaðir af 24 verði staðsettir í skólahúsnæði. Óskað er eftir að borgarráð samþykki að fela skóla- og frístundasviði að gera viðeigandi ráðstafanir vegna þessa í samvinnu við skrifstofu borgarstjórnar.

- Gert er ráð fyrir að kjörstaðir verði í Borgarbókasafninu í Kringlunni og á Kjarvalsstöðum. Óskað er eftir að borgarráð samþykki að fela menningar- og íþróttasviði að gera viðeigandi ráðstafanir vegna þessa í samvinnu við skrifstofu borgarstjórnar. –

Gert er ráð fyrir að Reykjavíkurborg ráði hátt í 200 starfsmenn til að starfa við kosningarnar og að borgarráð skipi um 500 fulltrúa til setu í hverfis- og undirkjörstjórnnum. Óskað er eftir að borgarráð samþykki að fela mannauðs- og starfsumhverfisviði í samvinnu við skrifstofu borgarstjórnar að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að kosningastarfsfólk, sem vinnur fyrir Reykjavíkurborg í



einn dag, sé stofnað í launakerfi með hætti sem kemur í veg fyrir sjálfkrafa stofnun netfanga og útgáfu hugbúnaðarleyfa.

- Allir kjörstaðir í Reykjavík, yfirkjörstjórn, símaver í Ráðhúsi og talningarstaður þurfa tímabundinn tölvubúnað á kjördag. Þá hefur verið rekinn vefur með leiðbeiningum til kjósenda og upplýsingum um kjörsókn. Óskað er eftir að borgarráð samþykki að fela þjónustu- og nýsköpunarsviði í samvinnu við skrifstofu borgarstjórnar að vinna að útfærslu á [www.reykjavik.is/kosningar](http://www.reykjavik.is/kosningar) og á uppsetningu og niðurtekt vélbúnaðar og gera ráð fyrir kostnaði vegna þessa sem endurspegli afnotin.

- Jafnframt er óskað eftir að borgarráð feli öllum ofangreindum sviðum að tryggja að útgefnir reikningar og hver sá kostnaður sem kann að falla á kostnaðarstað kosninga uppfylli eðlilegar formkröfur hvað varðar skýrleika og góða meðferð með opinbert fé.

Virðingarfyllt,  
Helga Björk Laxdal  
*Skrifstofustjóri borgarstjórnar*

Samrit:

Hjálagt:



**Reykjavík**